

10.5. 2012

Viðskiptabankarnir – staða og horfur

Rekstur bankanna

Samanburður á milli íslensku viðskiptabankanna hvort sem er innbyrðis eða milli ára 2010 og 2011 er erfiður. Ástæðan er meðal annars stakir liðir sem hafa veruleg áhrif á efnahag þeirra og rekstur. Í sumum tilvikum hafa bankarnir þurft að leggja í umtalsverðan kostnað vegna sameininga við önnur fjármálafyrirtæki. Íslandsbanki sameinaðist til að mynda BYR á árinu og afskrifaði viðskiptavild upp á 18 milljarða í því sambandi, þá var MP banki endurskipulagður í upphafi annars ársfjórðungs 2011. Auk þess sameinaðist Landsbankinn SpKef sparisjóði, SP fjármögnun og Avant á árinu.

Samkvæmt uppgjörum bankanna hafa útgreiðslur nýrra útlána verið minni en uppgreiðslur á eldri lánnum. Það sýnir að hagkerfið á nokkuð í land með að að taka við sér að fullu. Ástæður þess geta verið margar, til dæmis er lítið um nýjar framkvæmdir, hagkerfið er yfirsuldsett og lánþegar eru ekki viljugir til að taka ný útlán meðan óvissa ríkir um lögmati lána þeirra. Einnig er líklegt að sú pólitíska óvissa sem stafar af sjávarútvegsfrumvarpinu hafi hér áhrif.

Ef þróun á stöðu lánabóka stóru bankanna þriggja er skoðuð sést að endurskipulagning útlána tók kipp sumarið 2011. Bókfært virði lána í vanskilum eða tapsáhættu hefur lækkað hlutfallslega á meðan lán í skilum eftir endurskipulagningu hafa aukist nokkuð. Virði lána í skilum án endurskipulagningar er álíka stór hluti heildarinnar og verið hefur og hefur þessi hluti haldist nokkuð stöðugur frá miðju ári 2010.

Samanburður við erlenda banka

Arðsemi eigna íslensku bankanna hefur verið mun meiri en margra erlendra banka frá hruni sem skýrist meðal annars af stórum einskiptisliðum sem hafa haft áhrif á hagnað þeirra. Arðsemi eigna hefur þó lækkað en hefði verið mun hærrí ef bankarnir hefðu ekki tekið tillit til gengisdóma í ársreikningum sínum. Vaxtamunur íslensku bankanna er töluvert hærrí en í nágrennalöndunum. Ýmsar skýringar kunna að vera fyrir því. Til dæmis er áhættudreifing íslenskra banka verri en erlendra banka og stærðarhagkvæmni á síður við. Þá búum við hér á landi við herra vaxtastig en í samanburðarlöndunum auk þess sem verðbólga síðustu ára hefur leitt til hærri vaxtamunar hjá íslensku bönkunum þar sem verðtryggðar eignir þeirra hafa verið meiri en verðtryggðar skuldir.

Kostnaðarhlutfall (rekstrarkostnaður á móti rekstrartekjum) íslensku bankanna er svipað og hjá erlendum bönkum sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið saman til samanburðar. Rekstrarkostnaður íslensku bankanna hefur aukist lítillega á milli ára. Hækkunin er að mestu tilkomin vegna samningsbundinna launahækkana samkvæmt kjarasamningum og kostnaðar vegna fjölgunar starfsfólks vegna endurskipulagningar á útlánasöfnum og endurreikninga á útlánnum vegna dóma. Kostnaður sem hlutfall af eignum gefur að mörgu leyti skýrari samanburð íslensku bankanna við þá erlendu. Hlutfallið fyrir íslensku viðskiptabankana var um 3,1% á árinu 2011 á meðan hlutfallið hjá erlendu bönkunum í samanburðinum var undir 1% og var lægst 0,3%.

Þrátt fyrir að endurskipulagning útlána hafi tekið kipp á árinu 2011 er enn mikið verk eftir óunnið. Bókfært virði útlána í vanskilum, mælt eftir einstökum útlánnum í yfir 90 daga vanskilum, var um 13,5% í árslok 2011 en hæsta vanskilahlutfallið hjá samanburðarbönkum eftirlitsins var 5,8% hjá Bank of Ireland. Þess má geta að vanskilahlutfallið hjá Bank of Ireland í árslok 2010 var um 11%. Fjármálaeftirlitið fylgist einnig með vanskilalánnum miðað við strangari mælikvarða og þá mælast vanskil um 22,5% í árslok 2011. Til viðbótar því að enn á eftir að endurskipuleggja stóran hluta af lánabókum bankanna á eftir að koma reynsla á þá endurskipulagningu sem hefur farið fram þar sem skammur tími er liðinn frá því hún átti sér stað.

Tímabundin starfsemi

Viðskiptabanka, sparisjóði og lánafyrirtæki er heimilt samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki að stunda tímabundið aðra starfsemi í óskyldum rekstri í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum eða til að endurskipuleggja starfsemi viðskiptaaðila. Með lögum frá miðju ári 2010 tóku gildi ákvæði sem takmarka heimildir fjármálafyrirtækja til að stunda tímabundna starfsemi við tólf mánuði. Fjármálaeftirlitið getur þó lengt tímafrestinn byggt á rökstuddri umsókn.

Félögum sem flokkast sem tímabundin starfsemi banka hefur í heild fækkað um 16 frá 1. nóvember síðastliðnum. Á þessu tímabili hafa 55 fyrirtæki bæst við þann fjölda fyrirtækja sem tilkynnt hafa verið sem tímabundin starfsemi. Eignarhaldi banka í alls 71 félagi í tímabundinni starfsemi hefur því lokið á tímabilinu frá 1. nóvember 2011 til 1. maí 2012 en frá því að fyrstu frestir runnu út þann 30. júní 2011 hefur tímabundinni starfsemi alls 77 félaga verið lokið.

Jákvæð þróun hefur verið í stöðu félaga sem flokkast sem tímabundin starfsemi. Félögum í endurskipulagningarferli hefur fækkað um 24 eða úr 27 í 3 félög frá því í nóvember. Fjöldi félaga í sölufarli hefur aukist um 43 á tímabilinu eða úr 14 félögum í 57 félög. Félögum í slitaferli hefur fækkað um eitt og eru nú 32. Fjöldi félaga sem ekki var kominn á frest í nóvember 2011 hefur fækkað um 44 og eru þau aðeins 14 í dag en voru 58 talsins þann 1. nóvember síðastliðinn.

Lagaleg óvissa um endurreikning ólögmetra gengislána

Dómur Hæstaréttar í febrúar 2012 um endurreikning gengislána hafði umtalsverð áhrif en vegna hans gjaldfærðu bankarnir um áramótin 2011 alls um 67 milljarða króna. Fjármálaeftirlitið hóf mat á áhrifum dómsins miðað við ákveðna aðferðarfræði. Samkvæmt niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins gætu viðbótaráhrif vegna dómsins að hámarki orðið 78 milljarðar króna, fari svo að öll lán sem óvissa ríkir um verði dæmd

ólögmæt. Þá yrðu heildaráhrif vegna dómsins orðin 145 milljarðar króna. Viðskiptabankarnir yrðu þrátt fyrir það allir yfir 16% eiginfjárlutfalli. Von er á þremur dómum á næstu tveimur mánuðum frá Hæstarétti sem munu að öllum líkindum skera úr um lögmæti hluta þeirra lána sem enn ríkir óvissa um.

Samráðshópur Samtaka fjármálafyrirtækja og Umboðsmaður skuldara stefnir að því að endurreikningur gengisbundinna lána hefjist seinni hluta þessa árs. Fjármálaeftirlitið fylgist mjög grannt með þessum málum og mun taka tillit til þeirra við mat á eiginfjárpörf viðskiptabankanna.

Horft til framtíðar

Bankarnir standa enn frammi fyrir margs konar áhættu. Þar má nefna lagalega óvissu vegna dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar sl., vanskil útlána eru há í alþjóðlegum samanburði og takmörkuð reynsla er komin á gæði endurskipulagningar útlána. Þá munu fyrirhugaðar breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu hafa áhrif á útlánasöfn þeirra og einnig felur fyrirhuguð aflétting gjaldeyrishafta í sér talsverða lausafjárahættu fyrir bankana vegna mögulegs vænts útflæðis innstæðna. Enn fremur má nefna að þróun efnahagsástands á alþjóðavettvangi og óvissa um möguleika á fjármögnun bankanna utan Íslands getur til lengri tíma haft skaðleg áhrif á rekstur og rekstrarumhverfi bankanna. Fjármálaeftirlitið mun hafa framangreinda þætti til hliðsjónar við mat á eiginfjárpörf bankanna.